

Mál nr. 1 2012/2013

Aðsent 17. október 2012

Mál nr. 1 2012/2013

Kærandi: NN

Kærðu: Miðlar 365 - Vísir, Fréttastofa Stöðvar 2, Fréttablaðið.

Kæruefni: Nafn- og myndbirting vegna fíkniefnamáls.

Í kæru þessari er óskað eftir áliti og úrskurði siðanefndar Blaðamannafélagsins hvort ákveðnar tilgreindar umfjallanir og myndbirting af einstaklingnum XXX brjóti gegn siðareglum Blaðamannafélagsins og er aðallega átt við nafn- og myndbirtingu sem þar hafi átt sér stað og kærandi telur brjóta í bága við 3. og 4. grein siðareglna BÍ.

Þar segir annars vegar í 3. grein: *Bláðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.*

Í 4. grein segir: *Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Bláðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Kærandi er mægður XXX og metur siðanefnd aðildina fullnægjandi*

Málavextir

Með kærinni eru lögð fram eftirfarandi gögn: Útprint á frétt á *visir.is* „Íslendingar í Danmörku flæktir í risavaxið fíkniefnamál” og tengill á umfjöllun *Stöðvar 2* á sömu frétt, unnin af sama fréttamanni, og birtist 25. september 2012, svo og afrit af forsiðufrétt *Fréttablaðsins* um sama mál 26. september 2012 undir fyrirsögninni „Íslenskur smyglhringur handtekinn í Danmörku og Noregi”.

Fyrir liggur í málinu að kærandi hafi rætt við ritstjóra blaðsins og fréttamanninn sem átti fréttirnar bæði á *visi.is* og *Stöð 2* til að spyrjast fyrir um ástæður nafn- og myndbirtingar og í báðum tilfellum hafi svarið verið umfang málsins.

Siðanefnd fjallaði um kærana á fundi sínum 23. október 2012, þar sem ákveðið var að óska eftir umsögn kærða, á fundi 6. nóvember 2012 til að fara yfir svör kærða og aftur 13. nóvember 2012 til að kveða upp og ganga frá úrskurði siðanefndar.

Sjónarmið kæranda

Í kærinni kemur fram að megin athugasemd kæranda við umfjöllun *visir.is* og *Stöðvar 2* er nafngreining sem þar komi fram en í henni segi: „Einn þeirra sem er í haldi lögreglunnar í Danmörku og er grunaður um smyglið, er samkvæmt heimildum fréttastofu, XXX”, þ.e. fullt nafn viðkomandi fylgir fréttinni.

Í umfjöllun *Fréttablaðsins* eigi það sama við nema hvað *Fréttablaðið* bæti um betur og birti mynd af XXX sem fengin hafi verið í leyfisleysi af Facebook-síðu XXX. „Sérstaklega er ótrúlegt að *Fréttablaðið* skuli leyfa sér þessa nafn- OG myndbirtingu þar sem greinin er mjög veik, eingöngu endurtekning frá öðrum miðlum auk sögu XXX,” segir kærandi og ítrekar að greinin hafi verið á forsíðu blaðsins; nafnbirtingin komi í eftirfarandi klausu greinarinnar: „Aðalmaðurinn í hringnum, sem nú situr inni í Kaupmannahöfn, er talinn vera XXX”, þ.e. fullt nafn mannsins.

„Það er vandséð hvað nákvæmlega kallaði á ofangreinda nafn- og myndbirtingu á þessum tímapunkti,” segir kærandi þar sem umræddur aðili hafi þá setið í gæsluvarðhaldi og hefði ekki verið kærður þegar fréttin er skrifuð 10 dögum síðar. Lítið mál hefði verið að fjalla um málið án þess að nafngreina viðkomandi og spara þannig fjölskyldu hans þann sársauka sem þetta mál hafi óhjákvæmilega valdið henni og hann þó verið nægur fyrir. Um það geti kærandi og Þór Hauksson, prestur í Árbæjarsókn, vottað. Þá veki einnig athygli að einungis XXX sé nafngreindur í fréttunum þrátt fyrir að fyrir lægi að fleiri sætu í gæsluvarðhaldi fyrir sama mál. Kærandi telur að lítið mál hefði verið að fjalla um málið án nafnbirtingar án þess að umfang málsins yrði neitt minna, og þótt XXX eigi sér sögu þýði það ekki að áðurnefndir fjölmiðlar geti virt 3. grein siðareglanna að vettugi. Er bent á að umfjallanir bæði *RÚV* og *Morgunblaðsins* um málið hafi verið góðar og fagmannlegar.

Greinargerð kærðu

Í greinargerð lögmanns *365 miðla* kemur fram að til samræmis við siðareglur BÍ vinni ritstjórnir miðla *365* eftir siðareglum sem miðlarnir hafa sett sér. Er vitnað þar m.a. til reglna miðlanna um nafnleynd.

Í greinargerð *365 miðla* segir hins vegar að málið sem um ræðir falli undir það viðmið að vera gríðarlega umfangsmikið. Á þeim tíma sem fréttirnar birtust hafi legið fyrir að málið væri eitt hið allra stærsta sem íslenska fíkniefnalögreglan hefur nokkru sinni fengist við. Málið varði smygl sem talið er að hafi staðið í áraraðir og teygji anga sína víða um Evrópu, auk þess sem lagt var hald á þrjátíu kíló af mjög sterkum örvandi efnum með söluandvirði að lágmarki hátt á annað hundrað milljónir. Fíkniefnamál af slíkri stærðargráðu varði almannahagsmuni og eigi mikið erindi við almenning. Upplýsingagjöf um staðreyndir slíkra mála hafi forgang umfram friðhelgi aðila málsins.

Þá segir að umræddur aðili málsins, sem kæran snýr að, eigi sér langa sögu um alvarleg fíkniefnabrot. Hann hafi fengið sjö ára fangelsisdóm skömmu eftir aldamót fyrir innflutning á 4.000 e-töflum frá Hollandi. Það hafi þá verið þyngsti dómur sem Hæstiréttur Íslands hafði kveðið upp í fíkniefnamáli. Einnig hafi hann fengið fimm ára fangelsisdóm fyrir e-töflusmygl árið 2002. Á þeim tíma hafi viðkomandi aðili verið ítrekað nafngreindur í fjölmiðlum og komið sjálfur fram í viðtölum vegna tengsla sinna við önnur sakamál. Það sé því ótvírætt að upplýsingar um að hann sitji í gæsluvarðhaldi grunaður um að standa að baki einu stærsta fíkniefnamáli Íslandssögunnar – og stóru á evrópska vísu – réttlæti nafnbirtingu hans.

Í fréttunum sem um ræðir hafi í öllum tilvikum verið gætt að því að orðaval gæfi til kynna að ekki væri fullyrt um sekt umrædds aðila. „Umfjallanirnar tóku í öllu mið af

Því að staðhæfa réttilega að viðkomandi sæti í gæsluvarðhaldi þar sem hann væri „grunaður“ um aðild sína að málinu,” segir í greinargerð kærðu, 365 *miðla* og ennfremur:

„Birting myndar af þegar nafngreindum einstaklingi í frétt er sjálfsögð þjónusta við lesendur þegar mál varða almannahagsmuni. Fréttablaðið hafði aðgang að fjölmörgum birtum myndum af [XXX], þar á meðal ýmsum fréttamyndum og kaus að nota þar prófilmynd hans á Facebook. Þess ber að geta að sú mynd er opinber prófilmynd hans sem kemur upp við hefðbundna leit á leitarvélum, en er ekki úr lokuðu myndasafni.“

Þá telur lögmaður 365 *miðla* að fréttirnar hafi allar verið unnar samkvæmt upplýsingum frá heimildarmönnum og reynst allar vera réttar. Fréttirnar hefðu verið í samræmi við opinberar tilkynningar frá lögreglu skömmu síðar og þess beri að geta að umræddur aðili sitji enn í gæsluvarðhaldi. Þess er jafnframt getið að í umfjöllunum hafi verið tekið tillit til rannsóknarhagsmuna og tilteknar upplýsingar ekki gerðar opinberar að beiðni lögreglu.

„Að öllu ofangreindu er það mat blaðamanna og ritstjóra umræddra fréttar að þær hafi verið í einu og öllu unnar innan ramma siðareglna 365 og BÍ og að vönduð blaðamennska hafi verið í hávegum höfð í alvarlegu máli sem átti fullt erindi við almenning,” segir orðrétt í greinargerð lögmanns 365 *miðla*.

Niðurstaða

Ákvörðun um birtingu nafns og mynda í fréttum er lúta að slysum og afbrotum er eitt viðkvæmasta og vandasamasta verkefni sem blaðamenn og yfirmenn ritstjórna standa frammi fyrir, og krefst því jafnan vandvirkni, líkt og kveðið er á um í 3. grein siðareglna BÍ og í tveimur síðustu málsgreinum 4. greinar siðareglanna.

Í þessum kærðu umfjöllunum er fyrst og fremst verið að kæra nafn- og myndbirtingu. Ekki eru gerðar athugasemdir við annað inntak þeirra. Fyrir fréttunum virðast því traustar heimildir en kærandi telur engu að síður að hlífa hefði átt fjölskyldu XXX við nafn- og myndbirtingunni. Hún hafi valdið ættingjum viðkomandi óþarfa sársauka.

Um er að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnamál sem komið hefur til kasta íslensku lögreglunnar og teygir sig til margra nágrannalanda. Þá hlýtur það að auka vægið fyrir fréttina þegar í ljós kemur að meðal þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins er XXX með þunga dóma að baki fyrir fíkniefnasmygl.

Með hliðsjón af þessum kringumstæðum öllum og alvarleika málsins er fallist á þau rök að nafn- og myndbirting í þessu máli varði almannahagsmuni og brjóti því ekki í bága við siðareglur blaðamanna.

Úrskurður

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.


Reykjavík, 13. nóvember 2012


Björn Vignir Sigurpálsson


Hjörtur Gíslason;


Ásgeir Þ. Árnason;


Friðrik Þór Guðmundsson;


Róbert H. Haraldsson